



Kennari:	Elvar Ingimundarson	EI
Kennari:	Thelma María Marinósdóttir	TMM

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

Undanfari: ENSK2OL05 eða ENSK2HC05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökraust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið • skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

Námsefni:

- **Academic Skills Level 3**
- **A good online dictionary** or a good monolingual printed dictionary (English-English)
- **1984** eftir George Orwell. Bókin er til á netinu <http://www.georgeorwell.org/1984/index.html>

Sérreglur áfangans:

Nemendur lesa **1984** eftir **George Orwell** heima. Ýmis verkefni verða unnin í tímum og próf verður úr bókinni.

Nemendur verða þjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives). Skilningur, orðaforði og munnleg tjáning verða hluti af námi í Academic Skills Level 3.3 **Skilaskylda er á öllum verkefnum**. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð, viðurkennd forföll komi til. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekning er munnlega prófið sem verður tekið eftir ákvörðun kennara). **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur**. Nemendur fæddir 2003 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi um mætingar og vinnu á önninni. Inna er grundvallaratriði en ekki bara notuð sem upplýsingabanki og til verkefnaskila.

Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
1984	3 verkefni + 1 próf	15%
Ritun Efnisgreinar	Þrjár efnisgreinar	25%
Samtengingar	verkefni + 1 próf	20%
Munnlegt próf	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Academic Skills	Fjögur próf og verkefni	25%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 4. janúar 2023